

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. desember 2014

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, og lögum um almennan fridag 1. maí, nr. 39/1966 (færsla frídaga að helgum), þingskjal 297 – 258. mál.**

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum vegna færslu frídaga að helgum.

Bandalagið hefur áður sent inn umsagnir um þingmál sama efnis. Í umsögnunum hefur þeirri afstöðu verið lýst að BSRB leggst alfarið gegn þeim tillögnum um að baráttudagur verkalýðsins verði færður til. Bandalagið leggur mikla áherslu á að áfram verði lögskipaður fridagur þann 1. maí. Ástæða þess er að dagurinn er ekki eingöngu lögskipaður fridagur hér á landi, hann er alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins og upphaf hans má rekja allt aftur til níunda áratugar 19. aldar. Því eru kröfugöngur og útifundir haldnir í fjölda annarra landa þann 1. maí, rétt eins og hér á landi. Dagurinn hefur bæði sögulega og táknræna þýðingu fyrir verkalýðshreyfinguna og eru því að mati bandalagsins ríkar ástæður sem mæla gegn færslu hans.

Við síðustu framlagningu þingmáls sama efnis skýrði fulltrúi bandalagsins frá því, á fundi velferðarnefndar, að BSRB hefði ekki framkvæmt könnun um vilja félagsmanna hvað þetta málefni varðar. BSRB gæti þar af leiðandi ekki gert athugasemdir við frumvarpið, nema hvað varðar færslu 1. maí, enda skoðanir rúmlega 22.000 félagsmanna misjafnar. Jafnframt var lögð áhersla á að breytingar af þessu tagi ættu að eiga sér stað við gerð kjarasamninga en ekki með lagasetningu. Þannig væri tryggt að launamenn gætu greitt atkvæði um tillöguna með því að staðfesta eða fella kjarasamning. Að óbreyttum forsendum telur bandalagið ekki liggja fyrir með skýrum hætti almennt hver vilji launafólks í landinu er til færslu frídaga að helgum. Það er grundvallarforsenda breytinga sem hafa svo umfangsmikil áhrif að fyrir liggja einhvers konar mæling eða aðkoma launafólks að ákvörðunartöku þar um verði tryggð.

Fyrir hönd BSRB



Helga Jónsdóttir  
framkvæmdastjóri